



BORGARRÁÐ 19. september 2019: Tillaga áheyrnarfulltrúar Flokks fólksins um skólahljómsveitir í hverfum Reykjavíkur - R19090203

Bréf: Tölvupóstur

Málsnúmer: SFS2019090204

Bréfalyklar: 9.2.0 Skólahljómsveitir - almennt

Eigandi skjals: Anna María Arnardóttir

Staða: Í vinnslu

Dagsetningar:

Búið til: 09/20/2019

Dagsetning skjals: 09/20/2019

Upplýsingar um viðskiptavin :

Netfang: Olof.Magnusdottir@reykjavik.is

Skjalalykill	9.2.0 Skólahljómsveitir - almennt	Málsnúmer	SFS2019090204
Móttökudags.	09/20/2019	Skráð í GoPro	20.09.2019

Viðtakandi		Sendandi	
Deild (Ráðhúss)	Skóla og frístundasvið	Fyrirtæki/stofnun	
Starfsmaður		Nafn	
		Kennitala:	

Tegund skjals	Tölvupóstur	Fyrir Borgarráð
Efnisorð		
Eldri skjalalykill		

Er flokkað eftir aldri Já Nei
skjalalykli í skjalasafni.

Sent:

Sent til:

Notandi: Olof.Magnusdottir@reykjavik.is

Dagsetning: 20.9.2019 12:38:25

Til: "SFS" <sfs@reykjavik.is>

Efni: Fw: BORGARRÁÐ 19. september 2019: Tillaga áheyrnarfulltrúar Flokks fólksins um skólahljómsveitir í hverfum Reykjavíkur - R19090203

Tilvísun í mál: R19090203

Sæl

Meðfylgjandi tillaga er hér með send aftur til meðferðar eftir breytingar á texta. Einni setningu var bætt við fremst í texta hennar.

Kveðja,

Ólöf Magnúsdóttir

Skrifstofa borgarstjórnar

Ráðhús Reykjavíkur

s. 411 4703

olof.magnusdottir@reykjavik.is

R19090203

BORGARRÁÐ 19. september 2019: Tillaga áheyrnarfulltrúar Flokks fólksins um skólahljómsveitir í hverfum Reykjavíkur - R19090203

BORGARRÁÐ 19. september 2019: Tillaga áheyrnarfulltrúar Flokks fólksins um skólahljómsveitir í hverfum Reykjavíkur - R19090203

Flokkur fólksins leggur til að stofnaðar verði skólahljómsveitir í öllum 10 hverfum borgarinnar. Í dag eru aðeins fjórar skólahljómsveitir í Reykjavík, í Austurbæ, í Árbæ og Breiðholti, í Vesturbæ og í Grafarvogi, en hverfi borgarinnar eru 10. Eftir stendur Grafarholt og Úlfarsárdalur, Háaleiti og Bústaðir, Laugardalur, Hlíðar og Miðborg. Á sjöunda hundrað nemenda stunda nám í þessum hljómsveitum. Nemendur í grunnskólum borgarinnar eru tæp 15 þúsund. Vel má því gera því skóna að mun fleiri nemendur hefðu áhuga á að sækja um aðild að skólahljómsveit. Eins og staðan er í dag er ekki boðið upp á tónlistarkennslu í öllum grunnskólum. Nám í einkareknum tónlistarskóla er dýrt og ekki á færi allra foreldra að greiða fyrir tónlistarmenntun barna sinna. Tónlistarskólinn á Klébergi, Kjalarnesi er eini tónlistarskólinn sem er alfarið rekinn af Reykjavíkurborg. Borgin er með þjónustusamninga við 17 einkarekna tónlistarskóla. Þeir njóta styrkja frá Reykjavíkurborg en setja sína eigin gjaldskrá. Á meðan grunnskólar bjóða ekki upp á tónlistarnám og ekki er á allra færi að stunda slíkt nám vegna mikils kostnaðar gæti þátttaka í skólahljómsveit verið góður valmöguleiki. Með því að hafa skólahljómsveit í öllum hverfum er tækifæri til tónlistarnáms flutt í nærumhverfi barnanna. Reykjavíkurborg tryggir með þessu að börnum sé ekki mismunað á grundvelli efnahags foreldra þegar kemur að tækifæri til að stunda tónlistarnám.



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Varðandi tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði um skólahljósveitir

Á fundi borgarráðs 19. september 2019 lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi tillögu sem var vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs:

Flokkur fólksins leggur til að stofnaðar verði skólahljósveitir í öllum 10 hverfum borgarinnar. Í dag eru aðeins fjórar skólahljósveitir í Reykjavík, í Austurbæ, í Árbæ og Breiðholti, í Vesturbæ og í Grafarvogi, en hverfi borgarinnar eru 10. Eftir stendur Grafarholt og Úlfarsárdalur, Háaleiti og Bústaðir, Laugardalur, Hlíðar og Miðborg. Á sjöunda hundrað nemenda stunda nám í þessum hljósveitum. Nemendur í grunnskólum borgarinnar eru tæp 15 þúsund. Vel má því gera því skóna að mun fleiri nemendur hefðu áhuga á að sækja um aðild að skólahljósveit. Eins og staðan er í dag er ekki boðið upp á tónlistarkennslu í öllum grunnskólum. Nám í einkareknum tónlistarskóla er dýrt og ekki á færi allra foreldra að greiða fyrir tónlistarmenntun barna sinna. Tónlistarskólinn á Klébergi, Kjalarnesi er eini tónlistarskólinn sem er alfarið rekinn af Reykjavíkurborg. Borgin er með þjónustusamninga við 17 einkarekna tónlistarskóla. Þeir njóta styrkja frá Reykjavíkurborg en setja sína eigin gjaldskrá. Á meðan grunnskólar bjóða ekki upp á tónlistarnám og ekki er á allra færi að stunda slíkt nám vegna mikils kostnaðar gæti þátttaka í skólahljósveit verið góður valmöguleiki. Með því að hafa skólahljósveit í öllum hverfum er tækifæri til tónlistarnáms flutt í nærumhverfi barnanna. Reykjavíkurborg tryggir með þessu að börnum sé ekki mismunað á grundvelli efnahags foreldra þegar kemur að tækifæri til að stunda tónlistarnám.

Reykjavíkurborg rekur skólahljósveitir sem starfa í Vesturbæ - Miðbæ, Austurbæ, Árbæ - Breiðholti og Grafarvogi. Nemendaheimildir eru 520 í skólahljósveitunum fjórum og koma nemendur á hverjum vetri fram við fjölmörg tækifæri sem tengjast skólastarfinu og viðburðum í þeirra hverfum. Í boði er kennsla á vegum skólahljósveita í öllum grunnskólum borgarinnar og skólahljósveitirnar fjórar sinna öllum hverfum borgarinnar – sjá kort.

Sérstök áhersla er lögð á að yngri nemendur fái tíma á skólatíma þannig að þátttakan skapi fjölskyldum sem minnsta fyrirhöfn. Hljómsveitaræfingar eru 1-2 sinnum í viku í aldursskiptum hópum.

Hlutverk og markmið:

- stuðla að aukinni hæfni nemenda til að flytja, greina og skapa tónlist og til að hlusta á tónlist og njóta hennar;
- jafna tækifæri nemenda til tónlistarnáms;
- efla félagsleg samskipti;
- efla sjálfsaga, samvinnu og sjálfstæð vinnubrögð;
- stuðla að aukinni tónlistarþekkingu og veita nemendum tækifæri til að koma fram;
- stuðla að tónlistaruppeldi annarra ungmenna með því að koma fram á vegum grunnskólanna.

Í skólahljómsveitum er kennt á öll helstu málm- og tréblásturshljóðfæri auk slagverkshljóðfæra. Einnig eru dæmi um að kennt sé á bassa. Hægt er að leigja hljóðfæri hjá sveitunum.

Námsgjöld fyrir haustönn 2019 eru 14.450 kr. og hljóðfæragjald fyrir þá önn er 4.385 kr. Hægt er að nýta frístundakort Reykjavíkurborgar til að greiða námsgjöld.

Með starfseminni hefur tekist að bjóða vandað tónlistarnám um alla borg og inni í öllum grunnskólum. Biðlistar eru í skólahljómsveitir eins og annað tónlistarnám í borginni.

